



Lúxemborg, 16. júlí 2020

## FRÉTTATILKYNNING 06/2020

**Dómur í máli E-7/19 Tak – Malbik ehf. gegn Vegagerðinni og Þrótti ehf.**

### **EFTA-DÓMSTÓLLINN VEITIR RÁÐGEFANDI ÁLIT Í TILEFNI AF BEIÐNI KÆRUNEFNDAR ÚTBOÐSMÁLA UM FLOKKUN OPINBERS SAMNINGS SEM OPINBERAN VERK- EÐA ÞJÓNUSTUSAMNING**

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit við spurningu frá kærunefnd útboðsmála („kærunefndin“) um túlkun á tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup („tilskipunin“).

Málið laut að kæru sem Tak – Malbik ehf. lagði fram hjá kærunefndinni þar sem krafist var ógildingar á ákvörðun um úthlutun samnings í kjölfar útboðs Vegagerðarinnar. Útboðið sem um ræðir varðaði vinnslu og haugsetningu efnis af ákveðnum stærðum.

Spurningin sem kærunefndin vísaði til EFTA-dómstólsins laut að því hvort opinber samningur um vinnslu og haugsetningu hráefnis, sem samningsyfirvald léti í té og unnið væri í samræmi við kröfur þess, teldist vera opinber verksamningur í skilningi 6. tl. 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar eða opinber þjónustusamningur í skilningi 9. tl. 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar.

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að við aðstæður eins og þær sem eru til staðar við meðferð málsins hjá kærunefndinni, sé ekki um að ræða opinberan verksamning í skilningi 6. tl. 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar. Opinber samningur sem fjallar um veitingu annarrar þjónustu en þeirrar sem um getur í 6. tl. 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar telst vera opinber þjónustusamningur í skilningi 9. tl. 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar.

Er þetta er í fyrsta skipti sem íslensk stjórnarsýslunefnd vísar máli til EFTA-dómstólsins, en stjórnarsýslunefndum er það heimilt að ákveðnum skilyrðum uppfylltum samkvæmt réttarfrankvæmd EFTA-dómstólsins. Lög nr. 120/2016 um opinber innkaup heimila kærunefnd útboðsmála sérstaklega að leita eftir ráðgefandi áliti frá EFTA-dómstólnum ef taka þarf afstöðu til skýringar á EES-samningnum við rekstur máls.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: [www.eftacourt.int](http://www.eftacourt.int).

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.